


# *Forn kirkja og grafreitir á Neðra Ási í Hjaltadal*



**Orri Vésteinsson**

*Með viðbótum eftir Hildi Gestsdóttur og Magnús Á. Sigurgeirsson*

**Fornleifastofnun Íslands  
FS109-98174  
Reykjavík 2000**



## *Efnisyfirlit*

Inngangur	4
Kirkjugarður	6
fjöldi grafa	6
aldur	7
dreifing	10
stærð	11
grafarumbúnaður	11
Kirkjutóft	13
mannvistarleifar eldri en kirkja	13
elsta kirkjan	14
næstyngsta kirkjan	15
yngsta kirkjan	18
Samantekt og umræða	23
<b>Viðaukar:</b>	
Hildur Gestsdóttir: Mannabein	27
Magnús Á. Sigurgeirsson: Gjóskulagagreining	29
Einingaskrá	33
Gripaskrá	36
Sýnaskrá	37
Heimildaskrá	38

## *Myndir:*

1. Kirkjugarðurinn á Neðra Ási	6
2. Grafir og kirkjutóft	8
3. Kirkjutóft	14
4. Mismunandi byggingarstig kirkjunnar	23
5. Jarðvegssnið í Skagafirði	32

## *Inngangur*

Sumarið 1998 var grafinn fram forn kirkjugrunnur á Neðra Ási í Hjaltadal. Sú kirkja hafði brunnið og tóftin síðan verið notuð fyrir rauðablástur. Eftir að tóftin hafði legið í eyði um skeið var byggt á henni fjárhús á 18. öld og stóð arftaki þess enn á staðnum er rannsóknir hófust. Sumarið 1998 var fjárhústóftin rifin og eldri fjárhúsbyggingar kannaðar og sömuleiðis öskulög er tengdust járnvinnslunni. Þá var einnig grafið niður á um 3. tug grafa í kringum kirkjuna og var ein þeirra opnuð til að kanna varðveislu mannabeina. Leifar síðustu kirkjunnar voru grafnar fram en ekki rannsakaðar að öðru leyti.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar 1998 voru þessar:

- mannaferð var á kirkjustæðinu áður en kirkjan var byggð, hugsanlega þegar á 10. öld
- túngarðurinn sem kirkjugarðurinn er byggður upp við er eldri en kirkjugarðurinn en þeir eru báðir eldri en 1104
- A.m.k. sumar grafirnar eru eldri en 1104
- Kirkjan hefur upphaflega verið frístandandi timburbygging, um 5,65x3,5 m að stærð en seinna var bætt við hana veggjum úr torfi og grjóti og tréverkið endurnýjað, hugsanlega oftar en einu sinni
- Torfveggirnir voru byggðir eftir 1104
- Síðasta kirkjan brann og var stundaður rauðablástur í tóftinni
- Varðveisla mannabeina var ekki nógu góð til að réttlæta frekari uppgröft á þeim.

Ekki fengust skýrar vísbendingar um hvenær kirkjan lagðist af, né hvenær rauðablástur var stundaður á staðnum. Allnokkur tími virtist þó hafa liðið frá því að rauðablæstri lauk og þar til fjárhús var byggt á staðnum á 18. öld. Árið 1999 fékkst aldursgreining með geislakoli á nautgripsbeini úr elsta lagi rauðablásturssmiðjunnar. Sýnið var ekki gott en allar lífrænar leifar eru illa varðveittar á Neðra Ási og setur rannsóknarstofan í Árósum sem gerði greininguna því fyrirvara um áreiðanleika niðurstöðunnar. Sýnið (AAR-4744) gaf aldurinn BP 710±70, leiðréttur aldur AD 1290, AD 1260-1380 með einu staðalfráviki. Ef marka má þessa niðurstöðu hefur kirkjan brunnið í kringum 1300 og rauðablástur verið stundaður í tóftinni á 14. og

e.t.v. 15. öld og hún síðan legið í eyði í 200-300 ár þar til fjárhús var byggt þar á 18. öld.

Í ljósi niðurstaðna rannsókna 1998 var ákveðið að halda áfram uppgrefti 1999. Markmiðið var tvíþætt:


- að kanna til fullnustu kirkjuleifarnar til að draga fram allar vísbendingar um gerð kirkjunnar, byggingarsögu og tímasetningu
- að kortleggja grafirnar í kirkjugarðinum til að fá hugmynd um fjölda þeirra og aldur

Rannsóknin var sem fyrr samstarfsverkefni Þjóðminjasafns og Fornleifastofnunar. Verkinu stýrði Orri Vésteinsson en Hildur Gestsdóttir stjórnaði uppgrefti í kirkjugarði og greindi mannabeinaleifar. Auk þeirra unnu við uppgröftinn Magnús Á. Sigurgeirsson jarðfræðingur sem auk þess greindi gjóskulög, Gróa Másdóttir fornleifafræðinemi, Íris R. Stefánsdóttir mannfræðinemi og Tom Barry fornleifafræðingur. Jannie Ebsen forvörslunemi og Sólveig Heiðberg fornleifafræðingur aðstoðuðu við úrvinnslu, frágang gripa og gagna. Auk þeirra var Timothy Horsley með við uppgröftinn og gerði athuganir í nágrenni uppgraftarsvæðisins með viðnáms- og segulmæli.

Verkefnisstjóra var til ráðgjafar nefnd skipuð þeim Benedikt Hallgrímssyni mannfræðingi, Hildi Gestsdóttur fornleifafræðingi, Hjörleifi Stefánssyni arkitekt, Sigurði Bergsteinssyni fornleifafræðingi og Þór Magnússyni þjóðminjaverði.

Uppgröftur stóð yfir dagana 7.-20. júní og 5.-9. júlí. Haustið 1999 gekk Helgi Sigurðsson hleðslumaður frá uppgraftarsvæðinu og byggði þar upp litla tóft á grundvelli kirkjunnar, sem sýnir stærð hennar og lögun.

Erlingur Garðarsson bóndi á Neðra Ási studdi uppgröftinn með ráðum og dáð og eru honum, Jóni Garðarssyni og móður þeirra Svanhildi Steinsdóttir færðar bestu þakkir fyrir margvíslega aðstoð.



Mynd 1. Kirkjugarðurinn á Neðra Ási. Teikning: Hildur Gestsdóttir.

## *Kirkjugarður*


**Fjöldi grafa.** Við rannsóknina 1999 komu í ljós 48 grafir til viðbótar við þær 35 sem fundust 1997 og 1998 og hafa þá alls fundist 83 grafir í kirkjugarðinum á Neðra Ási, en auk þeirra eru a.m.k. 6 grafir sem ekki er full víska fyrir. Sumarið 1999 var stór hluti kirkjugarðsins opnaður til að leita grafa. Tekið var ofan af garðinum vestan, sunnan og austan við kirkjutóftina allt út að kirkjugarðsvegg, nema um 8 m<sup>2</sup> svæði við suðvesturhorn kirkjunnar og í suðausturhorni garðsins. Á fyrrnefnda svæðinu er varla rúm fyrir meir en 3 grafir. Í suðausturhorninu, sem er um 40 m<sup>2</sup>, er rúm fyrir mun fleiri en næst því voru grafirnar orðnar mjög gisnar og miðað við þá dreifingu er ekki líklegt að þar séu fleiri en 4-7 grafir. Austast í kirkjugarðinum hefur verið talsverður halli upp að túngarðsveggnum og næst honum voru engar grafir. Uppgriftarsvæðið var einnig stækkað til norðurs en ekki fundust fleiri grafir en þær fjórar sem í ljós komu 1998 þeim megin við kirkjuna. Þar er hár skriðubunki og ekki fýsilegt til

greftrunar.

Að minnsta kosti 13 grafir hafa komið í ljós sem að hluta eða öllu leyti höfðu verið undir torfveggjum kirkjunnar. Þeir torfveggir sem varðveist höfðu voru ekki fjarlægðir og er því sennilegt að nokkrar grafir til viðbótar leynist undir þeim. Rúm er fyrir 4-5 grafir undir vesturhluta suðurveggjar en ekki er sennilegt að margar grafir séu undir austur- og norðurvegg því í skarðinu í þessa veggi í norðausturhorni voru engar grafir.

Af þessu er dregin sú ályktun að þorri grafa í kirkjugarðinum á Neðra Ási hafi nú komið í ljós og séu þær í heild ekki mikið fleiri en rúmlega 100. Könnun í kirkjugarði 1999 staðfesti að grafirnar eru yfirleitt ekki teknar hver ofan í aðra, heldur er þeim þétt raðað, sem bendir til að þeir sem grafirnar tóku hafi vitað af eldri gröfum. Það bendir svo aftur til að garðurinn hafi ekki verið lengi í notkun.

**Aldur.** Á þeim svæðum sem ekki höfðu verið opnuð áður austan við hlöðu og sunnan við fjárhús/kirkju var H-1104 gjóskan víða jafnfallin og sumstaðar allþykk. Virðist hún hafa safnast í skafli við suðausturhorn kirkjunnar. Einnig var gjóskan jafnfallin vestan við kirkjuna en þar hefur verið talsverður halli niður frá kirkjubílinu er gjóskan féll og hún því sest þar til. Alls voru 25 grafir undir H-1104 gjóskunni, flestar austan við kirkjuna og næst henni að sunnan. Engar grafir eru inni í kirkjunni sjálfri og var þó grafið niður á óhreyft í henni allri. Hins vegar eru að minnsta kosti 13 grafir sem að hluta eða öllu leyti eru undir torfveggjum kirkjunnar, og 3 til viðbótar sem annaðhvort nema við veggbrúnina eða ganga undir hana. Grafir þessar virðast í öllum tilfellum vera eldri en eldri torfveggur kirkjunnar, þ.e. sá sem byggður var fyrir 1104. Þar með eru að minnsta kosti 38 grafir sem öruggt má telja að séu eldri en 1104. Jafnfallna H-1104 gjóskan fjaraði út um 3-4 m suður af kirkjunni en þar sunnan við eru um 7 grafir sem því verða ekki tímasettar. Aðeins tvær grafir voru klárlega yngri en H-1104 gjóskan, [585] vestan við kirkjuna og [521] austan við hana. Í báðum tilfellum var gjóskulagið skorið af gröfunum og flekkir úr því voru í fyllingu. Slíkir flekkir sást ekki í neinum öðrum grafarfyllingum í garðinum. Þeir ættu þó að sjást allsstaðar þar sem gjóskan hefur verið í jarðvegi, það er allsstaðar nema syðst í garðinum. Af þessu má ætla að þorri grafa í kirkjugarðinum á Neðra Ási hafi verið tekinn á 11. öld og hætt hafi verið að grafa í honum fljótlega eftir 1100. Auðvitað er ekki útilokað að ein og ein gröf hafi verið tekin síðar og væru slíkar grafir þá helst



Mynd 2. Grafir og kirkjurúst á Neðra Ási.  
Númer í hornklofum vísa til eininga.  
Skyggð svæði í kirkjugarði eru þar sem  
H-1104 la jafnfallið. Teikning: Hildur Gestsdóttir



syðst í garðinum.

Þó grafirnar liggi víða þétt eru fáar sem skera eða eru skornar af öðrum. Þar sem svo háttar hefur ein gröf yfirleitt lent utan í brún annarar og verður lítið af því ráðið annað en að ein gröf sé eldri en önnur. Sunnan við kirkjuna er þó á einum stað fjórar kynslóðir af gröfum þar sem [547] sker [548] sem aftur sker [549] sem sker [299] en sú síðastnefnda er gröfin sem grafin var upp 1998. Gröf [548] er nær alveg skorin burt af [547] og er það eina skýra dæmið um að gröf hafi lent beint ofan í annari. Tvær af beinagrindum úr kirkjugarðinum að Neðri Ási, NAH-B-2, sem grafin var upp sumarið 1998, og [514], grafin up 1999, höfðu verið hreifðar úr upprunalegri legu þegar nýjar grafir voru teknar og höfðu beinin verið grafin aftur. Í báðum tilfellum lágu nokkrir hryggjarliðir í réttri stöðu hver við annan sem bendir til að enn hafi verið sinar sem héldu þeim saman þegar beinin voru grafin aftur. Einnig fundust mannabein [515 & S99-009] í kirkjugarðinum sem ekki var hægt að tengja við grafir, sem bendir til að eitthvað af þeim beinum sem var raskað hafi ekki verið grafin aftur. Hlýtur þetta, og það að sumar grafir skera hvor aðra, að benda til að að minnsta kosti nokkrir áratugir hafi liðið á milli þess að grafirnar voru teknar. Aðeins tvær grafir [546] og [540] eru skornar þvert af öðrum og hafa þær auk þess heldur aðra stefnu en þær yngri. Langflestar grafirnar í garðinum hafa sömu stefnu og kirkjan, nær VSV-ANA en réttu V-A, en [546], [545] og [540] sem eru sunnan við suðausturhorn kirkjunnar og 3 grafir austan til í garðinum [519, 554, 555] eru nær því að snúa VNV-ASA. Grafir [546], [540] og [519] eru allar skornar af yngri gröfum og er því mögulegt að þessar sex grafir hafi verið teknar áður en kirkjan var byggð, eða að minnsta kosti áður en hún fékk þá stefnu sem tóftin hefur nú. Grafirnar undir torfveggnum sunnan við kirkjuna hafa sömu stefnu og hún og af leifum af stoðarholum að dæma hefur kirkjan haft sömu stefnu á öllum þremur byggingarstigum sínum. Það er því ekkert sem bendir til að fyrsta kirkjan hafi snúið öðruvísi við áttum en arftakar hennar og því vel mögulegt að grafirnar sex séu frá því áður en kirkja var byggð á Neðra-Ási. Af gröfunum sex er ein [545] sem skorin er af annari [546] og bendir það til að tímabilið þegar grafið var með þessari stefnu hafi verið lengra en nokkur ár.

Gröfunum má því skipta í fernt eftir aldri:

- a) Grafir eldri en kirkjan - fyrri hluti 11. aldar? (6)
- b) Grafir eldri en eldri torfveggur kirkjunnar - síðar á 11.öld (16+)
- c) Grafir yngri en eldri torfveggur kirkjunnar en eldri en H-1104 (52-)

d) Grafir yngri en H-1104 (2+)

**Dreifing.** Eins og áður hefur verið vikið að er jarðvegur í kirkjugarðinum allmisjafn. Þéttur skriðubunki er norðan við kirkjuna og fundust engar grafir á skák sem opnuð var norðvestan við kirkjuna 1998. Fjórar grafir eru meðfram kirkjuveggnum að norðan en fast norðan við þær tekur skriðan við og voru engar grafir þar. Austast í garðinum er sama skriðan en á meira dýpi en upp að henni leggst fín mold sem þykkar eftir því sem sunnar og vestar dregur í garðinum. Austan til í garðinum – á því svæði þar sem mest er um grafir – eru víða stórir steinar á stangli og minna grjóti samanvið, sem ekki hefur auðveldað greftrun þar. Austan við austustu grafaröðina var talsverð urð í rótaðri moldinni og virðist sem stærra grjóti úr gröfum vestar í garðinum hafi verið velt eða hent þangað. H-1104 liggur þar víða jafnfallið og er raskið allt undir því. Hugsanlegt er að garðurinn hafi verið hreinsaður af stærra grjóti í einum umgangi og það sett upp við kirkjugarðsvegginn að innan, eða þá að grjótið hefur lent þar smátt og smátt eftir því sem fleiri grafir voru teknar. Seinni möguleikinn verður að teljast líklegri því ef um gagngera hreinsun hefði verið að ræða væri eðlilegra að ætla að grjótið hefði verið sett út fyrir garðinn. Syðst í garðinum og vestast er moldin mjög fín og auðvelt að grafa í hana. Hinsvegar eru þar alls ekki flestar grafirnar þannig að eiginleikar jarðvegsins eru ekki það eina sem ráðið hefur staðsetningu grafanna. Langþéttast hefur verið grafið austan við kirkjuna, þétt við suðausturhorn og þétt sunnan við hana. Sunnar í garðinum og vestan við kirkjuna eru grafirnar mun gisnari, einkum á síðarnefnda svæðinu og eru þar þó ágæt skilyrði til graftar. Austan við kirkjuna liggja grafirnar í skipulegum röðum. 8 grafir liggja hlið við hlið og nema við eða fara undir ytri brún austurveggjar. 6 grafir til viðbótar eru í sömu röð sunnan við kirkjuna og liggja þær allar mjög þétt, hver utan í aðra. Austast í garðinum er röð með 9 gröfum og á milli hennar og þeirrar sem er upp við vegginn er óreglulegri röð með að minnsta kosti 5 gröfum. Greinilegt er að þessar raðir taka mið af kirkjunni og að gröfunum hefur verið valinn staður með tilliti til eldri grafa. Það er því vel hugsanlegt að hver röð tilheyri ákveðnum hóp, til dæmis fjölskyldu eða stétt. Sunnan og vestan við kirkjuna eru grafirnar ekki í röðum hlið við hlið heldur hver af annarar enda. Þetta er sérstaklega greinilegt frama við kirkjuna, en þar eru þrjár grafir hver af annarar enda frá þröskuldi kirkjunnar og er sú vestasta yngst. Tæpan metra norðan við er ein gröf og rúman metra sunnan við eru tvær en þar virðist sú sem er nær kirkjunni vera yngri. Þessi reglulega röðun grafanna fram við kirkjuna virðist

ekki vera tilviljun og er sennilegt að hún hafi haft einhverja merkingu. Freistandi er að álíta að svæðið framan við kirkjuna hafi verið frátekið fyrir tiltekinn hóp, t.d. húsbændur á Neðra Ási eða einhverja aðra virðingarmenn. Í syðsta hluta garðsins er gröfunum ekki raðað að því er best verður séð og því ekki sýnilegt að um hópa af neinu tagi hafi verið að ræða.

Dreifing grafanna bendir því til að staðsetning þeirra í garðinum hafi alls ekki verið tilviljun háð heldur farið eftir félagslegri stöðu manna. Má geta þess til að mest virðing hafi verið að eiga leg framan við kirkjuna en að austan við hana hafi ákveðnir hópar, t.d. heimili á nágrannabæjum átt frátekin leg, hvert í sinni röð. Sunnantil í garðinum hefur svo verið “almenningur” – þar eru tvær greinilegar smábarnagrafir og hinir fullorðnu hafa kannski verið vinnufólk og aðrir sem ekki tilheyrðu húsbóndastétt eða þeim heimilum sem áttu frátekin leg. Á annan hátt er tæpast hægt að skýra að flestar grafirnar eru á svæði sem ekki er hentugt til graftar en að fæstar eru þar sem moldin er mýkst og þykkust.

**Stærð.** Lítið verður sagt um stærð grafanna því fyrir utan [299] voru þær ekki grafnar upp og stærð og lögun grafa getur sýnst allt önnur þegar fyrst sést til þeirra en þær reynast svo vera. Þó má greina ef grafir eru mjög litlar. Flestar grafirnar eru á bilinu 1,4-1,7 m á lengd og sú lengsta ([534]) er um 2 m á lengd. Tvær grafir eru greinilega smábarnagrafir, [573] og [579], báðar í suðurhluta garðsins og báðar með greinilegum kistum, sú fyrri 37 sm á lengd og hin síðari 44 sm. Fjórar aðrar grafir eru innan við 1 m á lengd, [418] (84 sm), [532] (88 sm), [566] (54 sm) og [379] (82 sm) og er athyglisvert að af þessum eru þrjár fast upp við kirkjuna. Auðsætt er að þetta eru grafir barna eða unglunga. Fleiri grafir gætu fyllt þann flokk en ekki verður sagt um þær með vissu þar sem lengd margra grafa sést ekki á yfirborði.

**Grafarumbúnaður.** Greinilegar líkkistuleifar voru í að minnsta kosti 21 gröf og sennilega eru kistur í mun fleiri því í mörgum tilfellum var aðeins farið niður á skurðinn fyrir gröfinni og gætu kistuleifarnar því verið skammt undir því yfirborði sem skafið var niður á. Athygli vekur að kistur voru smíðaðar utan um lík smábarna ([573] og [579]) ekki síður en fullorðinna. 16 líkkistunaglar – sumir með viðarleifum í ryðinu - (F014) fundust við norðausturhorn kirkjunnar og munu þeir ættaðir úr gröf eða gröfum sem hefur verið raskað, til dæmis [532] eða [549].

Áberandi er að í mörgum grafanna er grjót sem virðist hafa verið sett

vísvitandi í fyllinguna. Í flestum tilvikum er um að ræða óreglulegar raðir með brún grafanna að innan og sáust hvergi merki um að grjótinu hefði verið raðað eða því hlaðið upp. Í einni gröf [586] hafði stóru grjóti verið pakkað kyrfilega ofan í gröfina, einkum yfir höfðalagið og er helst að ætla að umbúnaður þessi hafi átt að tryggja að grafbúinn hafi ekki átt að komast neitt úr gröf sinni.

Í einni gröf, [397] virtist torf hafa verið lagt innan í gröfina og í tveimur öðrum ([398] og [400]) sáust torfflekkir í fyllingunni og gæti það bent til samskonar umbúnaðar. Þá var sandur í fyllingu þriggja grafa ([553], [568] og [578]) og virtist hann stafa af einhverskonar umbúnaði frekar en að hann hafi verið í efninu sem notað var til að fylla grafirnar. Hinsvegar virðist móaska í þremur gröfum ([585], [589] og [592]) og viðarkol í einni ([592]) frekar hafa blandast efninu sem notað var til að fylla grafirnar en að slíkt efni hafi verið vísvitandi sett í þær.

Í nokkrum tilvikum ([547], [571], [585], [588]) hafa grafir verið teknar þannig að stór jarðfastur steinn hefur verið til fóta eða við höfðagafl grafarinnar og má vera að steinar sem stóðu upp úr grassverðinum hafi þannig ráðið nokkru um staðsetningu grafa og verið um leið til minnis um hvar grafirnar voru.

Sunnan við suðvesturhorn kirkjunnar kom í ljós sérkennilegt lítið mannvirki, [574], 10 sm djúp rás, um 1,2 m löng frá norðri til suðurs og 10-15 sm breið með litlum steinum eða hellum upp á rönd í hliðunum. Þetta er því einskonar trog og hölluðust steinarnir heldur til vesturs. Ekki er augljóst hvaða tilgangi þessi umbúnaður hefur þjónað en hugsanlegt er að um sé að ræða einhverskonar undirstöðu undir minningarmark.

Annað mannvirki, álíka óskiljanlegt, var við norðausturhorn kirkjunnar. Þar hafði verið grafin gryfja [593], um 1 m á kant, nokkuð regluleg og flötum steinum raðað í hliðar hennar og öllu gryfjan svo fyllt með grjóti [590]. Gryfjan hafði verið grafin í gegnum H-1104 og er því frá 12. öld eða síðar. Hvað sem það var sem gryfjan var undirstaða fyrir hlýtur að hafa verið ansi völdugt.

Til þessa flokks má ef til vill einnig telja afar legsteinslegan stein sem lá við norðvesturhorn kirkjunnar, fast norðan við brunatorflagið [596], og snéri austur-vestur. Þetta var aflangur basaltdrangur, 90 sm langur og 20 sm breiður, og lá hann ofan á minni steinum. Þegar til var grafið reyndist hinsvegar moldin allsóhreyfð undir dranginum og ekkert sem gat sagt til um hvort hann hefur verið færður á þennan stað eða hvort hann lá þar sem hann lá af einskærri tilviljun.

Sunnan við kirkjuna fannst hreyfð gröf [516]. Í henni var hrúga af beinum

[514] sem greinilega hafði verið hreyfð úr stað og sett í litla dæld [517] – hugsanlega til að koma fyrir gröf [573] eða [535]. Með beinunum voru kistuleifar og lítill járnhlutur (F008). Hann er of stór til að vera nagli og gæti verið leifar af hníf eða öðru verkfæri. Þó það verði ekki fullyrt þar sem gröfin er hreyfð, er mögulegt að þessi gripur hafi verið settur með líkinu. Annað í þessum dúr er að hrossstennur fundust á þremur stöðum vestan við kirkjuna í fyllingum grafa eða rétt yfir þeim (S029). Nánast engin önnur dýrabein fundust í kirkjugarðinum þannig að þetta er undarleg tilviljun, en getur nú verið það samt auk þess sem vant er að sjá hvaða merkingu það ætti að hafa ef hrossabein hafi legið yfir gröfunum.

### *Kirkjutóft*


Árið 1998 hafði verið grafið niður á leifar kirkjunnar og var þá þegar ljóst að ekki væri mikið eftir enda var hún mikið skemmd af síðari byggingum. Þó var talið að frekari rannsókn myndi geta varpað ljósi á byggingarsögu kirkjunnar. Árið 1999 var athygli beint fyrst að austur- og suðurvegg og svo að leifum af timburþiljum og steinundirstöðum inni í kirkjunni sjálfri. Ekkert var átt við norðurvegginn. Veggjarundirstöður voru ekki fjarlægðar en allsstaðar var grafið niður á óhreyft inni í kirkjunni og framan við vesturgafli.

Niðurstöður þessara athugana voru þær að trégrind kirkjunnar hefur verið endurbyggð að minnsta kosti tvisvar og torfveggurinn endurbyggður að minnsta kosti einu sinni.

**Mannvistarleifar eldri en kirkjan.** Sumarið 1998 var tekið eftir móöskulagi [373] sem virtist einkum vera vestan við kirkjuna og var klárlega eldra en hún. Þetta lag var nú grafið fram og lá samfellt í hallanum framan við kirkjuna en náði ekki upp að henni nema undir [427] – torfið sem gengur undan norðurkampi kirkjunnar og er sennilega leifar af eldra torfvegg. Í skurðinum frá 1997 sást móöskulag þetta einnig undir norðurveggnum. Móaskan fjaraði hinsvegar út á móts við suðurvegg kirkjunnar og varð hennar hvergi vart í suður- eða austurhluta kirkjugarðsins. Þetta er tiltölulega einsleit móaska, lagið víðast mjög þunnt (0,1-0,5 sm) en fer allt upp í 3 sm á stöku stað. Smávegis af viðarkolum, mest salli, og vottur af brenndum beinum var í laginu. Móöskulag þetta var greinilega mun eldra en grafirnar vestan við kirkjuna enda var

# Neðri Ás

-kirkja



Mynd 3. Kirkjutóftin á Neðra Ási. Teikning: Orri Vésteinnsson.

Það um 10 sm undir H-1104. Sunnantil í kirkjugarðinum var landnámsgjóska um 10 sm undir H-1104 og gefur það vísbendingu um háan aldur móöskulagsins. Í sniði sem athugað var undir suðurvegg var örþunnt móöskulag undir elsta torfveggnum [361] en yfir gröf [374]. Af afstöðu að dæma gæti verið um sama móöskulagið að ræða þó það verði með engu móti fullyrst. Ef svo er þá hefur móöskulagið myndast eftir að byrjað var að greftra í garðinum en allöngu áður en torfveggirnir voru byggðir. Hitt er eftir sem áður mögulegt að um tvö ólík móöskulög sé að ræða og [373] þá mun eldra en greftrun á þessum stað og tengst einhverju alltöðru en kirkju og greftrun.

**Elsta kirkjan.** Eins og áður hefur verið bent á eru nokkrar grafir í kirkjugarðinum sem hafa heldur aðra stefnu en allar hinar og kirkjan sjálf. Þær eru eldri en aðrar

grafir í kringum þær og gæti þetta því bent til að stefna þeirra hafi ráðist af kirkju sem er eldri en þær leifar sem nú sjást. Þetta verður þó að telja ólíklegt, því leifar eftir að minnsta kosti þrjár kirkjur hafa fundist og engin þeirra hefur þessa stefnu.

Árið 1998 voru grafnar fram leifar af tréþili, aurstokk með borðum, í suðurvegg kirkjunnar [381]. Þessar leifar voru allar teknar upp 1999 og kom í ljós að stokkurinn hafði hvílt á röð af flötum steinum. Undir þessum steinum var þunnt lag af ljósum fjörusandi, sem sennilega hefur litast af ljósum jarðveginum í kring. Þessi sandur fyllti eldri stoðarholur og hafði greinilega verið settur til að jafna undir grind kirkjunnar. Eldri stoðarholurnar voru alls fjórar, ein undan hornstaf [557] og er hún túlkuð sem leifar af næstelstu kirkjunni, en hinar þrjár virðast ekki eiga við hana og hljóta því að vera enn eldri. Þær [544, 560, 562] eru heldur norðar en í línu við honstafina en auk þess er mun styttra á milli þeirra en stafgólfin hafa verið í yngri kirkjunum, eða 85 sm á móti 160-210 sm. Þessar þrjár holur mynda 90° horn við holu [407] sem kom í ljós 1998 undir norðurvegg. Ef þær eiga saman þá hefur sú bygging verið um 3,8 m á breidd eða heldur breiðari en yngri kirkjurnar sem voru 3,2 og 3,5 m breiðar. Þá er hugsanlegt að þrjár holur í röð inni í austurenda kirkjunnar [317, 319, 321] tilheyri þessu byggingarstigi. Þær gætu til dæmis markað austurenda hússins. Um þetta verður þó ekkert fullyrt og þessar leifar allar eru svo sundurlausar að aðeins er hægt að segja að eitt byggingarstig hafi verið á undan hinum tveimur sem meira er eftir af. Sú bygging hefur sennilega verið kirkja, en gæti hafa verið með öðru sniði og byggingarlagi en seinni kirkjurnar. Til þess benda hin stuttu stafgólf, en þau eiga sér helst samsvörun í litlu húsi (D1) sem er samtengt skálanum á Hofstöðum í Mývatnssveit. Þar fundust leifar af aurstokk á milli stoðarhola með álíka stuttu millibili og virðist hér um að ræða sérstakt byggingarlag timburhúsa frá 10. og 11. öld.

Auðvitað er ekki loku fyrir það skotið að þetta elsta byggingarstig hafi verið eitthvað annað en kirkja. Kannski var það húsið þar sem mórinn var brenndur í sem myndaði móöskulagið [363]. Á móti því mælir staðsetningin og stefnan, en ekki síður að húsið hlýtur að hafa verið timburbygging – því engar torfleifar eru á staðnum aðrar en þær sem klárlega eru yngri en grafirnar.

**Næstyngsta kirkjan.** Áður hefur verið getið um eldri hornstafsholu í suðausturhorni kirkjunnar [557]. Hún var innar en yngri holan [542]. Auk hennar kom í ljós önnur hornstafshola í norðvesturhorni [595] til viðbótar við þá sem fannst 1998 [449]. Þá

höfðu komið í ljós tvær holur ([410] og [411]) í norðurvegg á móts við þar sem austasta stafgólfið hefur byrjað. Alls eru því á þremur stöðum pör af stoðarholum og eru þetta greinilega ummerki um endurbyggingu kirkjunnar. [557] var klárlega eldri en [542] því að viðarleifar voru enn í hinni síðanefndu, tengdar leifum af aurstokk sem lá ofan á steini sem lagður hafði verið ofan á [557]. Um hinar stoðarholurnar er ekki jafnauðvelt að segja. Ekkert jarðalagasamhengi var á milli [449] og [595] annarsvegar eða [410] og [411] hinsvegar. Hinsvegar var fyllingin [448] í [449] með ummerki um bruna, þykkt sótlag var innan á hliðum hennar, en í [595] var fyllingin [594] einsleit mold, sem kemur betur heim og saman við að hún hafi verið fyllt við umbyggingu, og sé þar með eldri. Ef gert er ráð fyrir að [557] og [595] séu ummerki um suðaustur- og norðvesturhornstafi næstýngstu kirkjunnar þá kemur í ljós að [411] mun heyra til þeirri byggingu, en það er sú nyrðri af holunum tveimur í norðurvegg. Bygging þessi hefur snúið eins við áttum og yngsta kirkjan en staðið 20-40 sm vestar og norðar. Hún hefur verið 5,6 m löng og 3,5 m breið, og austasta stafgólfið (kórinn) hefur verið 2 m breitt. Mikið meira verður ekki sagt um þessa næstýngstu kirkju því að önnur ummerki um hana verða ekki greind frá leifum yngstu kirkjunnar með góðu móti. Til dæmis má nefna að steinalöggnin undir vesturþili hlýtur að hluta til að stafa frá þessu skeiði því rásin [591] fyrir aurstokkinn stenst betur á við [595] en [449]. Þá skal þess til getið að eldri torfveggurinn tilheyrir þessu byggingarstigi. Ekkert kom fram sem gerði kleift að ákvarða aldurstengsl torfveggjanna og trégrindar kirkjunnar, annað en að þau hljóta að hafa verið samtíða að miklu leyti. Þó má færa rök fyrir að eldri torfveggurinn hafi verið byggður á skeiði næstýngstu kirkjunnar og grundvöllur þess yngra lagður er yngsta trégrindin var byggð.

Sumarið 1998 komu í ljós torfleifar sem gengu vestur undan kömpum kirkjunnar, [427] að norðan og [361] að sunnan. Þessar leifar voru ekki brunnar og gengu undir yngri hleðslur. Greinileg grjóthleðsla var meðfram suðurbrún [361] sem styður að um vegg sé að ræða en torfið sjálft var ekki með greinilegu hleðslulagi. Þess var getið til að þessir veggstúfar væru leifar eldra byggingarstigs og að það hefði verið einu stafgólfi lengra en yngri kirkjan. Í því samhengi var bent á steinaröðina [580] sem liggur norður-suður um 1,5 m vestan við kirkjugaflinn, sem mögulegar leifar eldra kirkjugafils. Sumarið 1999 kom í ljós að steinaröðin [580] er eldri en H-1104 en hún er mjög óregluleg og hefur auk þess lítilla aðra stefnu en kirkjugrindirnar. Stefna steinaraðarinnar virðist ráðast af legu landsins á þessum stað og er sennilegra að hún hafi verið sett sem þúkk undir stétt til að jafna undir landið



framan við kirkjuna en talsverður halli er niður af henni til vesturs. Veggjaleifarnar virðast eftir sem áður tilheyra eldra byggingarstigi. H-1104 var ekki í beinum tengslum við veggjaleifarnar en það sveigir upp á við á móts við þær, leggst upp að fokjarðvegi sem leggst upp að veggjaleifunum, og má af því álykta að torfleifarnar séu eldri en H-1104. H-1104 gjóskan var heldur ekki í torfinu eins og í yngri hleðslunum. Undir austur- og suðurvegg kirkjunnar fundust leifar af torfi sem virðast tilheyra þessu sama byggingarstigi. Undir austurvegg, á móts við kirkjuna sjálfa, var blandað moldarlag með torfsneplum en engin H-1104 gjóska, og er það eldra en gróf [396] sem gengur undir yngri vegginn. Á móts við suðurvegginn var líka torf undir hleðslunni og steinunum sem henni tengjast. Það var heldur reglulegra en blandlagið en ekki var nein H-1104 gjóska í því heldur. Samskonar torf var í rás [354] sem grafin hafði verið ofan í tvær grafir [374 og 375] undir suðurvegg. Undir steinfæti suðurveggjar [360] sást einnig í samskonar torfblandlag og var undir austurveggnum á móts við kirkjuna. Torfið á öllum þessum stöðum (undir [388] og [360], í [354], og í [361] og [427]) er einsleitt, mun ljósara en torfið í yngstu veggjunum og hvergi snefill af H-1104 í því. Hinsvegar voru í því flekkir af dökkri gjósku og reyndist það vera svokölluð “s.g.” gjóska frá um 1000.

Svo virðist því sem á 11. öld hafi verið byggður torfveggur utanum kirkjuna og bendir það litla sem eftir er af honum til að hann eigi við næstyngstu timburkirkjuna. Það er helst steinaröðin í suðurbrún [361] en hún liggur sjónarmun norðar en yngri hleðslan, sem kemur heim og saman við næstyngstu kirkjuna. Þessi eldri torfveggur hefur verið heldur mjórri en sá yngri og sennilega lítilfjörlegri í alla staði. Hann hefur að líkindum verið úr torfi eingöngu fyrir utan að steinum hefur raðað meðfram ytri brún. Til þess bendir helst að miklu meira var haft við byggingu yngri veggjarins, skorið var frá honum duglega og vandað til grundvallarins, sem hefði verið óþarfi ef eldri veggurinn hefði verið grundvallaður á sama hátt.

Hugsanlega er hér um að ræða breytingu frá torfveggjalagi eins og því sem var á Hofstöðum í Mývatnssveit á 10.-11. öld, mjóum og lágum torfveggjum sem fyrst og fremst hafa verið settir utanum timburveggi til hlífðar og einangrunar, til torfveggjalags eins og það þekkist á seinni öldum, með öflugum steinfæti undir 1-1,5 m þykkum torfveggjum.

Þó að torfveggjaleifarnar [361] og [427] gangi um 1,5 m lengra til vesturs en kampar yngstu kirkjunnar er ekkert annað sem styður þá hugmynd að kirkjan hafi á því skeiði náð lengra til vesturs. Það mælir gegn því hvað stoðarholan [595] í

norðvesturhorni er vönduð. Hún er svipuð að gerð og hinar hornstafaholurnar, með flötum steini í botni og vandlega röðuðum steinum í hliðum, á meðan holurnar í norðurhlið ([410] og [411]) eru settar beint ofan í moldina. Hefði kirkjan náð heilu stafgólfi lengra til vesturs hefði mátt vænta hornstafahola þar, en engin merki fundust um slíkt. Þó það verði ekki útilokað verður því að teljast ólíklegt að kirkjan hafi náð lengra í vestur og hafa þá kampar næstýngstu kirkjunnar gengið mun lengra fram en trépilið, hugsanlega til að skapa skjól framan við kirkjuna.

**Yngsta kirkjan.** Miðað við eldri kirkjurnar tvær var töluvert eftir af yngstu kirkjunni og má gera sér nokkuð góða grein fyrir byggingu hennar. Af stoðarholum að dæma hefur yngsta kirkjan verið 5,6 m löng og 3,2 m breið og því ívið mjórri en næstýngsta kirkjan. Þó voru leifarnar mikið skertar af síðari umsvifum á staðnum og í sumum tilfellum er ómögulegt að greina hvað tilheyrir yngsta og hvað næstýngsta skeiði kirkjunnar. Til dæmis má taka að miðað við stoðrholurnar í norðurvegg liggja viðarleifarnar sem virðast tilheyra þeim vegg 5-15 sm utan við vegglinuna, en þessar leifar voru svo formlausar að vel getur verið að þær séu ekki á upphaflegum stað. Hitt er ekki hægt að útiloka að þær tilheyri næstýngstu kirkjunni. Með þessar takmarkanir í huga verður reynt að lýsa kirkjunni og er gert ráð fyrir að bæði torfveggur og trégrind hafi verið byggð á sama tíma, en það er einungis getgáta.

Yngri torfveggurinn virðist byggður skömmu eftir 1104. Til þess bendir torfsneplalag [512] sunnan við suðausturhorn veggjarins sem liggur beint ofan á H-1104. Það er greinilega samskonar torf og í veggjunum, en er ekki brunnið og virðist frekar vera um torfafganga að ræða sem fleygt hefur verið til hliðar er unnið var að vegghleðslunni. Meðfram austurhluta suðurveggjar og suðurhluta austurveggjar sást skurður [510] meðfram veggnum þar sem stungið hafði verið í gegnum H-1104 og virðist veggurinn því hafa verið lítið eitt niðurgrafinn, að minnsta kosti á þessu svæði. Af yfirborði H-1104 sást að kirkjugarðurinn hefur verið kargabýfður á þessu svæði og hefur skurðurinn sennilega verið tekinn til að jafna undir vegginn. Annarsstaðar virðist veggurinn hafa verið hlaðinn beint á grassvörðinn því undir norðurvegg (að norðan) og hluta af suðurvegg (þar sem eldri veggurinn hefur ekki verið) var mjög dökkt, nánast svart, moldarlag [372], sem einna helst má skýra með því að grassvörðurinn hafi rotnað undir grjóti og torfi sem á hann var lagt. Suðurveggur var þannig gerður að stórum steinum hafði verið raðað með ytri brún veggjarins en inni í honum hafði frekar litlum steinum (10-30 sm í þvermál) verið raðað mjög þétt. Þar

ofan á hafði svo torfinu verið hlaðið. Í austur- og norðurvegg voru steinarnir í brúnunum ekki jafnstórir, og um miðjan austurvegg beinlínis litlir, en í hvorugum veggnum var steinalag eins og í suðurveggnum og hefur torfið verið sett beint á jörðina þar. Í öllum veggjunum virtust vera gegnheilar torfhleðslur, en það var þó erfitt að greina því lítið var eftir af hleðslunum og bruninn auk þess leikið þær grátt. Skýrustu hleðsluleifarnar voru í austurvegg [389] og þar sýndist hleðslan vera gerð úr litlum hnausum, hugsanlega klömbruhnausum, og strengjatorfi, sem þó er sérkennilegt í laginu, stuttar en breiðar torfur, um 60x40 sm. Þetta túnþökutorf var lagt veggbrúna á milli, sumstaðar tvöfalt, og hnausar á milli laganna.

Í suðausturhorni var vegghleðslan sprungin og hafði fallið út til suðurs og má af því ráða að kirkjan hafi verið orðin léleg er hún brann. Ummerki um brunann sást á fleiru en torfinu í veggjunum og koluðum viðarleifum. Suðurveggurinn að minnsta kosti hafði verið rifinn að hluta meðan torfið var enn brennheitt, því að brunnið torf [362, 388, 507] lá nokkuð samfellt meðfram suðurhlið og á blettum framan við vesturgafli og hafði moldin sviðnað undan því. Má geta þess til að veggurinn hafi verið rofinn til að bjarga kirkjunni, hlutum hennar eða gripum úr henni úr eldsvoðanum. Samskonar blettur var við norðvesturhorn kirkjunnar [596]. Í [362] vestan við kirkjuna fannt stór járnagli sem gæti verið kominn úr kirkjunni.

Í miðri kirkjunni, undir kirkjugólfinu, hefur jarðvegur verið fjarlægður einhverntíma áður en gólf yngstu kirkjunnar var lagt. Greinilegur skurður [570] var norðan við þilið í suðurvegg og fer hann þar í gegnum forsögulega gjóskulagið H3. Ekki er alveg ljóst hvaða tilgangi þessi niðurgröftur þjónaði en mögulegt er að ekki hafi alltaf verið timburgólf í kirkjunni og að eldra moldargólfi hafi verið mokað burt til að koma fyrir stokkum sem gólfborð gætu hvílt á. Ef svo er hefur timburgólfinu verið bætt við annaðhvort næstýngstu eða yngstu kirkjuna eftir að húsið sjálft hafði verið reist. Þrjár steinaraðir [597] sýna hvar stokkar hafa legið þvert á kirkjuna til að halda uppi gólfborðunum. Austasta steinaröðin var 1,9 m vestan við austurgafli og stenst á við stoðarholuna [410] í norðurvegg. Kolaðar viðarleifar voru á einum stað við þessa steina (S032). Fast austan við þá hækkaði yfirborðið um 10-15 sm og hefur austasta stafgólfið því verið skör hærra en aðrir hlutar kirkjunnar. Önnur steinaröð var 2,2 m vestar, 1,4 m frá vesturgafli og sést af því að stafgólfin hafa verið misbreið (1,4 m, 2,2 m og 1,9 m) og miðgólfið sýnu breiðast. Í miðgólfinu hafði rauðablástursofninn verið grafinn niður í gólfið og því er ekki óhagsandi að þar hafi verið önnur röð þannig að stokkarnir undir gólfjölunum hafi í raun verið fjórir.

Engar viðarleifar höfðu varðveist við steinaröðina milli vestasta- og miðstafgólfs en í vestasta gólfinu miðju voru myndarlegar leifar af kolbrunnum stokk, um 1,5 m löngum (S033). Hann lá raunar að mestum hluta á moldinni en meðfram honum og áfram til norðurs upp að norðurvegg var röð af fremur litlum steinum sem hljóta upphaflega að hafa verið settir undir stokkinn. Þessi stokkur er aðeins 50 sm austan við vesturgaflinn og því tæplega á mótum stafgólfa, en hann gæti verið hluti af umbúnaði við innganginn í kirkjuna. Langmestar og greinilegastar viðarleifar voru í suðurvegg kirkjunnar en einnig var talsvert af viðarleifum við norðurvegg og sótlinsur við vesturgafli. Þessum leifum má skipta í tvennt. Annarsvegar eru leifar veggjanna sjálfra og hinsvegar leifar af innréttingum.

Leifar af aurstokk og þiljum voru hvergi skýrar nema í suðausturhorni og um 1,5 m vestur af því ([381]). Þar var greinileg stoðarhola [542] með leifum af hornstaf í (S015). Holan var 15x12 sm og hafði verið felld að steinum í austurvegg sem mynduðu hliðar hennar að austan og sunnan. Holan var nokkurnvegin ferhyrnd og lágu leifar af aurstokkum að henni að norðan og vestan. Stokkarnir námu við norðvesturhorn holunnar þannig að stærsti hluti hornstafsins hefur staðið utan við þilið. Á mótum stokka og stafs fannst járnagli (F009) sem hefur verið í stafnum. Það sem eftir var af aurstokkunum var eins og frekar þunn borð, 3-5 sm breið og í austurveggnum virtust þau vera tvöföld. Ekki er víst að þessar leifar gefi rétta mynd af upphaflegri þykkt aurstokkanna, leifarnar voru hvergi samfelldar meira en 10-15 sm og auk þess hefur viðurinn rýrnað í moldinni fyrir og eftir brunann. Af rásinni í undirstöðunni undir vesturþili að dæma hefur stokkurinn þar verið um 15 sm breiður. Á einum stað hafði spýta verið rekin niður utanmeð stokknum og ofan í grafarfyllinguna [379]. Þil þau sem hægt var að mæla (tekin upp 1998) eru 12-18 sm breið og 1,5-2,7 sm þykk. Ekki fékkst úr því skorið 1999 hvort þilin höfðu verið felld ofan í breiðan stokk eða hvort aðeins var um að ræða borð sem negld voru þvert neðan á þilendana. Stokkarnir – hvernig sem þeir hafa verið – virtust allsstaðar hafa hvílt á litlum flötum steinum og í suðurvegg sást að sandur hafði verið settur til að jafna undir steinana og jafnvel meðfram stokkunum líka, hugsanlega til að varna fúa. Af stoðarholum að dæma hafa stafirnir allir verið rétt innan við 20 sm í þvermál og hefur verið kyrfilega um þá búið í hornunum. Þeir voru grafnir niður um 15-20 sm og steinum raðað vandlega undir þá og meðfram hliðum. Holurnar undan stöfum á mótum kórs og framkirkju í norðurvegg voru áþekkar að stærð og hornstafaholurnar en hafa verið settar beint ofan í moldina. Engin ummerki um niðurgrafna stafi fundust

á mótum stafgólfa í suðurvegg og var þar þó nóg af óröskuðum leifum, þannig að ætla verður að þeir stafir hafi ekki verið niðurgrafnir.

Á móts við mót kórs og framkirkju virtust viðarleifarnar sveigja inn í kirkjuna og þar vestan við voru viðarleifar mest áberandi um 20 sm frá brún torfveggjarins, en þétt upp við hann voru einnig lítilfjörlegar viðarleifar. Viðarleifarnar meðfram norðurvegg voru einnig 15-20 sm frá brún torfveggjarins. Hina tvöföldu línu af viðarleifum við suðurvegg má skýra á tvennan hátt. Annaðhvort er um að ræða leifar af mismunandi byggingarstigum kirkjunnar, þannig að þegar yngsta kirkjan brann hafi enn verið leifar af suðurvegg næstýngstu kirkjunnar undir gólfinu, eða innri línan er leifar af einhverskonar innréttingu. Seinni möguleikinn virðist líklegri og kemur þar einkum til að þessir innri stokkar, bæði við norður og suðurvegg, hvíla utaní reglulegum röðum af flötum steinum, sem lagðir hafa verið eins og undirstöður undir stokka langsum eftir framkirkjunni, um 20-30 sm innan við veggina sjálfa. Freistandi er að álykta útfrá þessu að meðfram langveggjunum í framkirkjunni hafi verið mjó set, og að meðfram vesturgafli að innan hafi verið heldur breiðari pallur. Pallurinn fyrir vesturgafli hefur þá verið 50 sm breiður en setin um 30 sm breið. Minna verður sagt um hversu há þau voru, en ef gert er ráð fyrir að þau hafi verið lægri en gólf kórsins, sem hefur verið um 50 sm hærra en gólf framkirkjunnar, þá hafa setin verið um 30 sm há – varla meir en rétt til að tylla afturendanum fyrir mann sem situr á hækjum sér.

Sumarið 1998 komu í ljós litlar stoðarholur undan dyrastöfum ([435] og [437]). Þær dyr hafa verið um 70 sm breiðar og ekki verið alveg í miðju þilsins því þær eru 1,3 m frá suðurhlið en 1,1 m frá norðurhlið. Dyrastafirnir eru heldur ekki í línu milli hornstafaholanna heldur 5-10 sm innan við hana og er ekki augljóst hvernig þessi frágangur hefur verið. Sótlinna milli dyrastafaholanna virtist vera leifar af þröskuldi [444] og þar fannst járnhlutur sem gæti verið leifar af löm (F013).

Eins og áður hefur verið minnst á virðist torfveggurinn hafa verið hlaðinn skömmu eftir 1104 því að torfafgangar láu beint ofan á gjóskulaginu, túlkaðir sem ummerki um torfhleðslu. Þar sem kirkjan brann ekki fyrr en um 1300 er ólíklegt annað en að gert hafi verið við torfveggina að meira eða minna leyti í millitíðinni, hugsanlega oftast en einu sinni. Slíkar viðgerðir, jafnvel alger endurhleðsla á torfinu, hafa þó ekki þurft að raska mikið við steingrundvelli veggjanna. Torfafgangarnir ofaná H-1104 gætu auðvitað verið eftir slíka viðgerð frekar en fyrstu byggingu yngri veggjarins, en þá væri tími eldri veggjarins óeðlilega stuttur miðað við þann yngri,

auk þess sem H-1104 flekkir eru í torfi veggjarins alveg niður á undirstöðurnar. Best heildarsamræmi næst ef gert er ráð fyrir því að næstýngsta kirkjan hafi verið tekin niður skömmu eftir 1100, eldri torfveggurinn rifinn og jafnað yfir veggjarstæðið og yngri torfveggurinn hlaðinn upp og yngsta kirkjan smíðuð á hinum gamla grundvelli. Ef kirkjan hefði verið smíðuð mikið seinna þá hverfur allt vit úr orðum Kristni sögu um að kirkjan á Ási hefði staðið frá 983 til tíma Bótólfs biskups (1238-46) “svá at ekki var at gert utan at torfum” (Bsk I, 6-7). Fornleifarannsóknin hefur sýnt að kirkjan var endurbyggð að minnsta kosti í tvígang, en ef kirkja sú er stóð um miðja 13. öld var byggð snemma á 12. öld þá geta menn auðveldlega hafa gleymt því (ekki síst ef jörðin hefur verið í leiguábúð) og sú sögn myndast að kirkjan væri óvenjugömul.

Um kirkjurnar á Neðra Ási hefur því fengist þessi niðurstaða:


**um 1010.** Fyrst hefur verið byggð trékirja með mjóum stafgólfum og hefur hún hugsanlega verið heldur breiðari en yngri kirkjurnar. Hún hefur verið án hlífðarveggja úr torfi eða grjóti og grafið hefur verið þétt upp við hana. Ekkert meira verður um hana sagt en þess til getið að hún hafi verið byggð á fyrstu árum 11. aldar.

**um 1075.** Síðar á 11. öld, ef til vill á þriðja fjórðungi hennar eða svo, hefur verið byggð ný trékirja í þremur stafgólfum, 5,6 m löng og 3,5 m breið. Hún var með niðurgröfnum hornstöfum og upphækkuðum kór, en hugsanlega ekki með trégólfi í fyrstu umferð.

Lítillfjörlegur torfveggur hefur verið utan um þessa kirkju en hugsanlegt er að honum hafi verið bætt nokkru eftir að trékirja var reist.

**um 1125.** Ný kirkja hefur verið reist á grunni hinna í byrjun 12. aldar. Hún var 5,6 m löng eins og hin fyrri en ívið mjórri eða 3,2 m. Hún hefur að öllu leyti verið svipuð að gerð og næsta kirkja á undan, svo lík raunar að víst má telja að trégrindin hafi að miklu leyti verið sú sama. Trégólf hefur verið í þessari kirkju og set meðfram veggjum í framkirkju og kórin upphækkaður eins og í hinni fyrri. Í kringum hana var reistur stæðilegur torfveggur á steinfæti.

Þessi kirkja hefur staðið óbreytt fram undir lok 13. aldar er hún brann. Þá voru vegghleðslur hennar sprungnar og sennilegt að hún hafi verið orðin hrörleg.



Mynd 4. Ummerki um mismunandi byggingarstig kirkjunnar. Ummerki um elstu kirkjuna eru sýnd með fylltum stoðarholum og heilum línum, þá næstýngstu með skástrikuðum stoðarholum og löngum brotalínunum, og um þá elstu með tómunum stoðarholum og stuttum brotalínunum. Teikning: Orri Vésteinsson.

## *Samantekt og umræða*

Ástæða þess að ráðist var í uppgröft á kirkjunni á Neðra Ási er án efa forvitni manna um frásögn miðaldarita um kirkjugerð Þorvarðar Spak-Böðvarssonar á Ási 983. Gagnlegt hefði verið að geta hrakið eða sannað þá sögu og hefði hún átt við rök að styðjast þá hefði verið mjög athyglisvert að sjá hverskonar hús hann byggði sér. Við uppgröftinn kom ekkert í ljós sem gat varpað ljósi á þessa sögu. Ljóst er að leifarnar á Neðra Ási eru frá elstu kristni á Íslandi, en þó að mikið virðist hafa verið grafið og byggt þar fyrir 1104 er ekkert sem segir að þar hafi kristnir siðir verið fyrir á ferðinni en annarsstaðar. Nýlegir uppgreftir á Stöng í Þjórsárdal og Þórarinsstöðum í Seyðisfirði sýna svo ekki verður um villst að íslenskir bændur hafa mjög fljótlega eftir kristnitöku byrjað að byggja litlar kirkjur og grafa að kristnum sið. Það er því á engan hátt óvenjulegt að svo gamlar leifar finnast og ekki hægt að hafa það til marks um að

þær hljóti að vera eldri en aðrar. Í raun er margt sem bendir til að umsvif – greftrun og umbyggingar – hafi verið með meira móti við smákirkyjur sem þessar á 11. öld en síðar varð, eftir að sóknaskipun komst á og hlutfallslegt vægi smákirknanna minnkaði.

Það er sérstaklega eftirtektarvert að greftrun virðist hætta mjög skyndilega á Neðra Ási eftir 1100 og er einsætt að tengja það við stofnun biskupsstóls á Hólum 1106. Þá hefur annaðhvort þótt finna að láta grafa sig við dómkirkjuna eða – sem líklegra er – að tíundir og aðrar skyldur (þar með talið legkaup og legsaungskaup) hafi verið tekið frá smákirkyjum í nágrenningu (Neðra Ási, Kálfsstöðum Sleitubjarnarstöðum og ef til vill fleiri) til að styrkja hinn nýja biskupsstól, en smákirkyrnar hafa kannski í staðinn fengið reglulega prestþjónustu. Sambærileg þróun hefur ekki orðið annarsstaðar – mörg dæmi eru um greftrun við smákirkyjur og bænhús fram á 16. öld – en vægi smákirknna hlýtur þó almennt að hafa farið þverrandi á 12. öld þegar stofnað var til varanlegrar prestþjónustu við um 300 af þeim 1800 kirkjum sem voru í landinu. Hnignun kirkjunnar á Neðra Ási varð einungis þeim mun hraðari vegna nálægðar við biskupsstólinn á Hólum. Fyrst missir hún greftrun yfir til Hóla – og þar með sennilega stóran hluta af mikilvægi sínu fyrir heimilið – og síðan virðist hún standa lengi án verulegra viðgerða þar til hún brennur loks um 1300 og er þá ekki endurbyggð. Á Íslandi stóðu langflestar smákirkyjur og bænhús fram á 15. eða 16. öld. Það að kirkjan á Neðra Ási lenti í vanhirðu og var ekki endurreist eftir brunann – eins og lög gerðu þó ráð fyrir – kemur heim og saman við að jörðin hafi snemma komist undir Hólabiskupa. Eigendur jarðarinnar hafa ekki haft tilefni til að standa þar fyrir miklu helgihaldi og leiguliðarnir sem þar bjuggu hafa heldur ekki séð ástæðu til að halda við byggingu af þessu tagi og því hefur hún drabbast niður þar til hún brann.

Svo virðist sem Ás hafi verið einn af nokkrum búgörðum í Hjaltadal og Kolbeinsdal á 10. og 11. öld, og hefur sennilega verið fyllilega á borð við Hóla, Viðvík og Miklabæ. Á búgarðinum hafa verið nokkur býli, kot og afbýli frá hinum upphaflega landnámsbæ (væntanlega á bæjarstæði Neðra Áss), og hefur fólkíð á þeim sótt kirkjuna á Neðra Ási eftir að hún var reist á 11. öld og látið grafa sína látnu þar. Sennilegt er að kirkjuskipanin hafi verið með þessu móti um allt land á 11. öld – litlar kirkjur með grefreitum á hverjum einasta búgarði. Út frá fjölda grafanna má komast nærri um stærð þess hóps sem átti leg við kirkjuna á Neðra Ási á 11. öld. Miðað við sömu dánartíðni og var á Íslandi á 18. og 19. öld (30 ‰), að greftrað hafi verið á Neðra Ási í um 100 ár og að þar séu um 100 grafir, þá hefur sá hópur sem átti leg í



garðinum losað um 35 manns. Það er lágmark því mögulega hefur verið greftrað þar skemur og fjöldi grafa gæti verið meiri, ef þar hefur t.d. aðeins verið greftrað í 80 ár þá verður fjöldinn 43 manns. Nú er lítið sem ekkert hægt að vita um heimilisstærð á þessum tíma en jafnvel þó miðað væri við að heimilisstærðin hefði verið tvöfalt meiri en á 18. öld (6 manns í heimili) þá er ljóst að þrjú heimili hið minnsta og sennilega fleiri hafa grafið sína látnu í garðinum á Neðra Ási. Þess má geta til að það hafi verið heimilin á Neðra Ási – hugsanlega með kotum, Efra Ási, Hurðarbaki og ef til vill bæjum í Kolbeinsdal.

Með stofnun biskupsstólsins á Hólum breytust aðstæður í Hjaltadal. Bóndinn á Neðra Ási hefur af einhverjum ástæðum verið veikari fyrir en t.d. bóndinn í Viðvík og búgarður hans lent innan áhrifasvæðis Hóla, fyrst sem hluti af Hólasókn og síðar hefur landareignin sjálf komist í hendur biskupum. Þar með var úti um sjálfstæðan góðbónda á Ási. Eftir að jörðin varð eign Hólastóls má gera ráð fyrir að þar hafi búið menn sem voru beint eða óbeint á mála hjá biskupum, vel metnir ættingjar þeirra eða prestar eða djáknar við dómkirkjuna (eins og t.d. messudjákn við dómkirkjuna sem átti bú á Kálfsstöðum 1255 - Sturl, 718). Við slíkar aðstæður er þess ekki að vænta að mikill áhugi hafi verið á viðhaldi sjálfstæðrar smákirkju á Neðra Ási. Það hvað kirkjan var þó lengi við lýði er sennilega vísbending um hvað smákirkjurnar voru mikilvægar í daglegu lífi miðalda-Íslendinga.

Svo virðist sem yngsta kirkjan á Neðra Ási, sú sem byggð var í byrjun 12. aldar hafi verið að flestu leyti eins og sú sem hún leysti af hólmi. Sennilegt verður að teljast að ekki hafi verið um gagngera endurbyggingu að ræða heldur hafi eldri kirkjan verið tekin niður og sett upp aftur með svipuðu sniði og áður. Það má því líta á kirkjuleifarnar á Neðra Ási sem dæmi um íslenska smákirkju frá seinni hluta 11. aldar. Það að á 13. öld töldu menn hana öðrum kirkjum eldri, mætti taka sem vitnisburð um að byggingarlagið hafi annaðhvort verið óvenjulegt frá byrjun eða að þetta lag hafi verið orðið óalgengt á 13. öld. Þó virðist kirkjunni á Neðra Ási svipa mjög til kirkjunnar í Kúabót, sem er frá 14. eða 15. öld og stólpakirkjunnar í Røldal í Noregi, sem er talin frá 14. öld. Með öðrum orðum virðist hún vera af annari helstu gerð lítilla miðaldakirkna, sem voru trékirkjur undir einu formi, þ.e. ekki með inndregnum kór, og með grjót- og torfveggjum til hlífðar. Eins og kirkjurnar á Þórarinsstöðum og Stóruborg var hún með niðurgröfnum hornstöfum og stærðarhlutföllin eru áþekk öðrum þekktum smákirkjum frá Íslandi. Því verður að telja að kirkjan á Neðra Ási sé í öllum aðalatriðum dæmigerð íslensk smákirkja. Leidd hafa verið að því rök að auk

upphækkaðs kórs með trégólfi hafi verið mjótt set meðfram veggjum framkirkjunnar og er það svipað fyrirkomulag og var í sumum rómönskum steinkirkjum í Danmörku á 12. öld og sennilega víðar (Wienberg 1993). Eftir því sem best verður séð er vel hugsanlegt að samskonar set hafi verið í kirkjunum í Kúabót og á Varmá.

Þó að ekki hafi reynst vænlegt að grafa upp beinagrindurnar í kirkjugarðinum á Neðra Ási tókst að fá allglögga mynd af dreifingu grafanna og umbúnaði þeirra, og er þetta í fyrsta skipti sem slík mynd fæst af íslenskum kirkjugarði frá 11. öld.<sup>1</sup> Dreifingin er mjög misjöfn í garðinum og fylgir ekki aðstæðum til greftrunar. Fæstar grafir eru þar sem þægilegast hefur verið að grafa (vestan við kirkjuna) en austan við þar sem miklu meiri urð er í moldinni, er gröfunum þétt pakkað. Þessi ójafna dreifing bendir til að mismunandi hópar hafi átt leg á vissum stöðum í garðinum og hefur verið stungið upp á því að virðulegustu legin hafi verið vestan við kirkjuna og þar séu húsbændur á Neðra Ási, en að austan við kirkjuna sé heimilisfólk af afbýlum og nágrennabæjum, en blandaðri hópur sé sunnan við.

Líkkistur hafa verið í meirihluta grafanna, sennilega flestum, og virðist almennt hafa verið haft heldur meira við frágang grafanna en tíðkaðist á há- og síðmiðöldum í kristnum grafreitum. Grjót, og sumstaðar torf, hefur verið lagt meðfram kistunum í sumum gröfnum og mögulegt er að smáhlutir hafi verið lagðir með líkunum. Slíkar tilhneygingar má túlka sem arf úr heiðni. Þó að menn tækju fljótlega eftir kristnitöku að greftra að kristnum sið, með því að leggja líkin til á bakinu með höfuð í vestur og án haugfjár, þá hefur lengi eimt af þeirri þörf að búa vel um hina látnu og jafnvel auðkenna legstaðina á einhvern hátt. Furðulega dreifingu hrossatanna ofan á gröfum má túlka sem leifar heiðins siðar og einnig má sjá merki um draugatrú í gröfinni sem hafði verið smekkfyllt af steinum.

---

<sup>1</sup> Þ.e. eftir að tímasetning Skeljastaðakirkjugarðsins komst í uppnám, en sá garður var einnig stórlega skertur vegna uppblásturs.

Hildur Gestsdóttir:

## *Mannabein*

### *NAH-C-1 [511]*

Árið 1984 gróf Þór Magnússon Þjóðminjavörður upp tvær grafir á Neðra-Ási að hluta. Þessi bein eru úr annari þeirri gröf (NAH-A-1 eða NAH-A-2), en greinilegt er að beinin úr þeim gröfum hafa eitthvað ruglast, því að að vinstri upparmleggur og vinstri liðskál herðablaðs (*glenoid fossa*) hafa varðveist með NAH-C-1, en með NAH-A-1 er vinstri upparmleggur og með NAH-A-2 er vinstri liðskál herðablaðs. Því er ekki unnt að greina úr hvorri gröfini beinagrind NAH-C-1 er.

**Varðveisla:** Mjög slæm (<30%)

**Kyn:** Ógreinanlegt

**Lífaldur:** Ógreinanlegur

**Líkamshæð:** Ógreinanleg

**Meinafræðilegar breytingar:** Engar greinilegar

### *NAH-C-2 [514]*

Þessi beinagrind var ekki í upprunalegri legu, hefur trúlega verið raskað af annari gröf og beinin grafin aftur. Þrjár brjóstliðir voru í upprunalegri legu, sem bendir til þess að einhverjar sínar hafi enn haldið beinum saman þegar gröfinni var raskað. Beinín lágu um 20sm undir yfirborði, og ekki var að sjá neinn greinilegan niðurgröft. Einnig virtist sem svo að þau væru ekki sett ofan í aðra gröf.

**Varðveisla:** Ágæt (50-75%)

**Kyn:** Ógreinanlegt

**Lífaldur:** 36-45 ára

**Líkamshæð:** 163,9±1,2sm

**Meinafræðilegar breytingar:** Vægir osteófitar voru á neðri liðfleti C1, á einum lendarlið, við haus hægri upparmleggs og í millihnúagróinni (*foss intercondylaris*) á hægri lærlegg. Þetta eru allt eðlilegar aldurstengdar breytingar, ekki er hægt að greina liðgigt á neinum af þessum liðamótum.

*NAH-C-3 [515]*

Hægri lærleggur og sköflungur sem fundust við yfirborðshreinsun í kirkjugarði svæði KS (510/480). Virtist hafa verið raskað þar sem ekki var hægt að tengja leggina við gröf. Varðveisla beinanna er mjög slæm, en stærð, litur og varðveisla þeirra bendir til þess að þau séu úr sama einstakling.

**Varðveisla:** Mjög slæm (<30%)

**Kyn:** Ógreinanlegt

**Lífaldur:** Ógreinanlegur

**Líkamshæð:** Ógreinanleg

**Meinafræðilegar breytingar:** Engar greinanlegar meinafræðilegar breytingar.

*NAH-C-4 (S99-009)*

Brot úr höfuðkúpu sem fannst við yfirborðshreinsun í kirkjugarði á svæði KS (517.49/479.40). Virtist vera raskað þar sem ekki var hægt að tengja beinin við gröf.

**Varðveisla:** Mjög slæm (<30%)

**Kyn:** Ógreinanlegt

**Lífaldur:** Ógreinanlegur

**Líkamshæð:** Ógreinanleg

**Meinafræðilegar breytingar:** Engar greinanlegar meinafræðilegar breytingar.

*NAH-C-5 (S99-028)*

Brot úr höfuðkúpu barns sem fannst við yfirborðshreinsun í kirkjugarði á svæði KS.

**Varðveisla:** Mjög slæm (<30%)

**Kyn:** Ógreinanlegt

**Lífaldur:** 0-1 árs

**Líkamshæð:** Ógreinanleg

**Meinafræðilegar breytingar:** Engar greinanlegar meinafræðilegar breytingar.

Magnús Á. Sigurgeirsson:

### *Gjóskulagagreining*

Greinargerðin byggir á athugunum á tímabilinu 7.-20. júní 1999. Gjóskulög voru skoðuð víðs vegar á uppgraftarsvæðinu og greind jafnharðan eftir því sem unnt var. Tvö jarðvegssnið voru mæld í nágrenni uppgraftarsvæðis, annars vegar skammt austan við Efri-Ás og hins vegar við vegamót að Sauðárkróki, um 5 km SV Neðri-Áss (sjá meðfylgjandi snið). Varðandi greiningu gjóskulaganna vísast til fyrri greinargerðar (Magnús Á. Sigurgeirsson 1998). Nokkrar vísbendingar komu fram um aldur kirkjurústar og grafa.

#### **Kirkjugarður og grafir**

Gjóskulagið H-1104 (H-1) liggur að því er virðist samfelld yfir öllum suðurhluta kirkjugarðs. Lagið er hins vegar mjög slitrótt og misþykkt víðast hvar en sjáanlegir eru þó allstórir flekkir, einkum næst kirkjurústinni. Gjóskulagið er illa varðveitt í austasta hluta kirkjugarðsins. Þar er meiri halli á garðinum og einnig er hann mjög grýttur þar. Í greftrinum, fyllingu grafanna, eru áberandi ljósir flekkir af gjóskulaginu Hekla-3 (um 2900 ára) og ennig má sjá flekki af LNS. Í tveimur grafanna ([521] og [585]) voru slitrur af gjóskulaginu H-1104 efst í fyllingu. Þetta gjóskulag er tiltölulega auðþekkjanlegt og er mjög áberandi þar sem það er til staðar, enda eina ljósa gjóskulagið í Skagafirði frá því eftir landnám. Þar sem gjóskulagið er svo sjaldséð í grafarfyllingunum má draga þá ályktun að flestallar grafirnar hafi verið teknar áður en H-1104 féll, en einhverjar þó eftir það.

Á Norðurlandi er eitt helsta einkenni LNS að á milli laga hennar og næst yfir henni eru dökkbrún þunn lög sem að mestu eru úr jurttaleifum. Þessi lög eru yfirleitt mun dekkri en moldin fyrir ofan og neðan LNS. Virðist vera sem óvenju mikil gróska hafi verið á þessum tíma, þ.e. á tímabilinu 700-900 e.Kr. Af hverju þetta stafar skal ósagt látið. Dæmi eru um að gjóskufall í litlu magni geti virkað nærandi fyrir gróður. Við Neðri-Ás einkennist LNS einkum af mjög dökku jarðvegslagi, en gjóskulögin eru óskýr.

## Undir suðurvegg kirkjurústar

Lýst verður stuttlega sniði við miðjan suðurvegg kirkjurústarinnar sem undirritaður skoðaði allýtarlega og lýsti. Koma þar fram nokkur aðtriði sem gefa vísbendingu um aldursafstöðu grafa og kirkjurústar (-rústa ?). Landnámssyrpan er sjáanleg í jarðvegi undir suðurvegg rústarinnar og er samfelld á nokkra metra kafla. Niðurgroftur, gröf [374], er undir veggnum. Ofaná gröfinni er þunnt ljóst torflag með einu dökku gjóskulagi [361]. Ekki verður úr því skorið hvaða gjóskulag hér er á ferðinni en mögulegt er að það sé gjóskulag sem talið er vera frá því um 1000 e.Kr. (sjá greinargerð 9802). Á milli grafarfyllingar og torfsins er örþunnt móöskulag. Ofar í sniðinu er dökkt torf með gjóskulaginu H-1104 og rauðum flekkjum, torf sem einkennandi er fyrir kirkjurústina [360]. Grjót í suðurveggnum er að hluta ofaná þessu torfi. Dökkt þunnt mannvistarlag ([372]) er sums staðar sjáanlegt á milli LNS og veggjagrjóts kirkjurústarinnar, einkum er þetta áberandi undir norðurvegg hennar.

Ljósa og dökka torfið við suðurvegginn er mjög ólíkt í útliti, inniheldur m.a. ekki sömu gjóskulögin, og verður að telja líklegra að það sé misgamalt fremur að það sé stungið af mismunandi svæðum á sama tíma. Dökka torfið er í öllum veggjum kirkjurústarinnar. Það er mjög einsleitt og gæti verið tekið að sama svæði.

Ljóst er að gröfin [374] er allnokkru eldri en kirkjurústin sem liggur ofaná henni. Torfið ofaná gröfinni gæti verið frá 11. öld, sé gengið út frá því að gjóskulagið í því sé frá því um 1000. Grafir sunnan og austan kirkjurústarinnar liggja inn undir hana og eru því klárlega eldri.

Undir veggjarsteinum rústarinnar er víða sjáanlegt dökkt mannvistarlag með kolum og móösku [372]. Einkum er þetta áberandi við norðurvegg rústarinnar. Þar er hægt að rekja þetta lag nokkra metra vestur með rústinni. Við vesturenda veggjarins gengur lagið yfir lögn úr smágerðum steinum (10-15 cm í þvermál) sem eru þar af mannavöldum. Næst ofaná og undir þeim er þunnt ljósleitt móöskulag [373]. Út frá lagskipan er mögulegt að þetta móöskulag samsvari því móöskulagi sem sást næst ofaná gröfinni við suðurhlið kirkjunnar.

## **Túngarður**

Skoðað var lauslega þversnið í túngarð við veg utan við fjósið á Neðri-Ási. Sniðið var hreinsað og gjóskulög skoðuð. Kom í ljós að garðurinn er eldri en gjóskulagið H-1300 og sennilega gjóskulagið H-1104 einnig. Slitra af gjóskulaginu H-1104 liggir á milli steina efst í garðinum. Eftir því sem best varð séð er það “in situ” þar.



## **Niðurlag**

Jarðað hefur verið í kirkjugarðinum að Neðri-Ási áður en sú kirkja sem nú hefur verið grafin fram var byggð, þ.e. síðasta kirkjan á þessum stað. Hefur það verið nokkru áður en gjóskulagið H-1104 féll. Mannvistarlög, s.b. torf og grjótlögn, undir veggjagrjóti kirkjurústarinnar benda til að um eldri kirkju geti verið að ræða á þessum stað. Hún gæti verið frá 11. öld. Sjáanleg ummerki um hana eru hins vegar lítil, nema ef vera skyldi vestur af rústinni. Um efri aldursmörk síðustu kirkjunnar er ekki hægt að fullyrða en ljóst er þó að hún hefur verið reist eftir 1104 og líklega áður en gjóskulagið H-1300 féll, þar sem það er ekki í veggjartorfi.

# Jarðvegssnið í Skagafirði

Snið í skurði ca. 1 km innan við Efri-Ás í Hjaltadal

Snið við vegamót að Sauðárkróki, ca. 7 km frá Neðri-Ási





## EININGASKRÁ

200			Grasrót
354	FJSW	510/480	Niðurgröftur
360	FJSW	510/480	Brunninn torfveggur – suðurveggur kirkju. H-1104 í torfi
361	FJSW	505/480	Eldri torfveggur – suðurveggur kirkju. “s.g.” gjóska frá um 1000 í torfi.
362	KS		Brunnið torf og sviðin mold sunnan og vestan kirkju
372	KS		Fok og gróðurmold sunnan og vestan kirkju. H-1104 er í þessu lagi, sem er yngra en [373]. Sama og [502], [508] og [509]
373	FJSW	505/480	Móöskulag, eldra en grafir og kirkja
374	FJSW	510/480	Gröf (grafir) undir suðurvegg
375	FJSW	510/480	Gröf undir suðurvegg
376	FJSW	510/480	Gröf undir suðurvegg
378	FJSW	510/480	Gröf undir suðurvegg
379	FJSW	510/480	Gröf undir suðurvegg
380	FJSW	510/480	Sama og [381]
381	FJSW	510/480	Viðarleifar og steinundirstöður suðurveggjar kirkju
388	FJSW	515/480	Brunnið torf við SA horn kirkju
389	FJSW	510/480	Brunninn torfveggur – austurveggur kirkju
427	FJSW	505/480	Eldri torfveggur – norðurveggur kirkju
444	FJSW	505/480	Sótlag innan við þilundirstöðu í SV horni kirkju, leifar af trégrind kirkjunnar
445	FJSW	505/480	Sótlag þar sem þröskuldur kirkjunnar hefur verið í – leifar af trégrind kirkjunnar
500	KS	515/475	Fylling í skurði frá 1984
501	KS	515/475	Skurður frá 1984
502	KA	520/475-80	Dökkbrún mold með H-1104. Sama og [372], [508] og [509].
503	KS	515/475	Fylling í gröf [504] - kistuleifar
504	KS	515/475	Gröf
505	KS	515/475	Fylling í gröf [506]
506	KS	515/475	Gröf
507	KS	510/480	Brennt torf – fylling í [510]
508	KA	515/485	Hreyfð mold með H-1104. Sama og [372], [502] og [509]
509	KA	515/485	Hreyfð mold með H-1104. Sama og [372], [502] og [508]
510	KS	510/480	Skurður meðfram suður- og austurvegg kirkju. Hefur fyllst af brenndu torfi [507]
511	KS	515/475	Beinagrind í gröf [504] (NAH-C-1)
512	FJSW	510/480	Torfhrunlag, beint yfir H-1104 en undir brunna torfinu [388] við SA horn kirkju. Mögulega ummerki um byggingu torfveggjarins.
513	FJSW	510/480	Hreyfð mold undir trépili í suðurvegg kirkju
514	KS	510/475	Beinagrind í gröf [517] (NAH-C-2)
515	KS		Beinagrind (NAH-C-3)
516	KS	510/475	Fylling í gröf [517]

517	KS	510/475	Gröf
518	KA	515/480	Steinahrúga
519	KA	515/480	Gröf
520	KA	515/480	Gröf
521	KA	515/480	Gröf
522	KA	515/480	Gröf - sama og [338]
523	KA	515/480	Gröf
524	KA	515/480	Gröf
525	KA	515/480	Gröf
526	KA	515/480	Gröf
527	KA	515/480	Gröf
528	KA	515/480	Gröf
529	KA	515/480	Gröf – sennilega 2 grafir
530	KA	515/480	Gröf
531	KA	520/480	Gröf
532	KA	515/475	Gröf – sama og [324]
533	KA	515/475	Gröf – sama og [325]
534	KA	515/475	Gröf
535	KA	515/475	Gröf
536	KA	515/475	Gröf
537	KA	515/475	Gröf
538	KA	515/475	Gröf
539	KA	515/475	Gröf
540	KA	515/475	Gröf
541	FJSW	510/480	Fylling í stoðarholu [542]
542	FJSW	510/480	Stoðarhola í SA horni kirkju
543	FJSW	510/480	Fylling í stoðarholu [544], eldri en [381]
544	FJSW	510/480	Stoðarhola í suðurvegg kirkju
545	KS	515/475	Gröf – sama og [322]
546	KS	515/475	Gröf – sama og [313]
547	KS	515/475	Gröf
548	KS	515/475	Gröf
549	KS	515/475	Gröf – sama og [301]
550	KS	515/475	Gröf
551	KS	515/475	Gröf
552	KS	515/475	Gröf
553	KS	515/475	Gröf
554	KS	515/475	Gröf
555	KS	515/475	Gröf
556	FJSW	510/480	Fylling í stoðarholu [557], samtíða [543] og [559]
557	FJSW	510/480	Eldri stoðarhola í SA horni kirkju
558	FJSW	510/480	Fylling í (stoðar)holu í suðurvegg undir [381]
559	FJSW	510/480	Fylling í stoðarholu [560], samtíða [543] og [556]
560	FJSW	510/480	Stoðarhola eldri en [381]
561	FJSW	510/480	Fylling í stoðarholu [562], samtíða eða eldri en [543] og [556]
562	FJSW	510/480	Stoðarhola eldri en [381]
563	FJSW	510/480	Hreyfð mold undir kirkjugólfi
564	FJSW	510/480	Hreyfð mold undir kirkjugólfi
565	FJSW	510/480	Hreyfð mold undir kirkjugólfi

Forn kirkja og grafreitir á Neðra Ási

566	FJSW	510/480	Gröf undir suðurvegg
567	FJSW	510/480	Gröf
568	FJSW	510/480	Brún mold með miklu af steinum
569	FJSW	510/480	Óhreyft
570	FJSW	510/480	Skurður fyrir kirkjugrunni – sker H3
571	KS	510/475	Gröf
572	KS	510/475	Gröf
573	KS	510/475	Gröf
574	KS	510/475	Fylling í niðurgrefti [581]
575	FJSW	510/480	Steinar undir suðurvegg kirkju [360]
576	KS	510/475	Gröf
577	KS	510/475	Gröf
578	KS	510/475	Gröf – sama og [117]
579	KS	510/475	Gröf
580	FJSW	505/480	Steinaröð vestan kirkjugafls, yngri en [373]
581	KS	510/475	Niðurgröftur með steinum
582	KS	510/475	Gröf
583	KS	510/475	Gröf
584	KS	510/475	Gröf
585	FJSW	505/480	Gröf, yngri en H-1104
586	FJSW	505/480	Gröf, eldri en H-1104 og [361], fyllt með steinum
587	FJSW	505/480	Gröf, eldri en H-1104 og [361], líkkistuleifar
588	FJSW	505/480	Gröf, eldri en H-1104, fyllt með steinum
589	FJSW	505/480	Gröf, eldri en H-1104
590	FJSW	510/485	Fylling í [593]
591	FJSW	505/485	Hellulögn – undirstaða undir vesturgafli kirkju
592	FJSW	505/485	Gröf, undir [591]
593	FJSW	510/485	Niðurgröftur með steinum, sker H-1104
594	FJSW	505/480	Fylling í [595]
595	FJSW	505/480	Eldri stoðarhola í NV horni kirkju
596	KN	505/485	Brunalag með steinum við NA horn kirkju
597	FJSW	510/480	Steinaraðir og viðarleifar í kirkjugólfi og undir norðurvegg

## FUNDASKRÁ

**F99-001:** Lítil ryðbólgin járnþynna, 28x16x 4 mm - fannst við hreinsun 7.6.99 á 515/490 í kirkjugarði við norðausturhorn kirkju.

**F99-002-003:** Númer ekki notuð.

**F99-004:** Járnagli með ferstrendan bol og flatan haus, 19 mm langur. Bolur brotinn í tvennt og auk þess nokkrar minni flögur. Fannst 9.6.1999 í **C500** í kirkjugarði sunnan kirkju.

**F99-005:** Hlutturinn er týndur. Í fundaskrá stendur "Eitthvað? Incense holder?" og gæti það bent til að óvissa hafi verið um hvort í raun væri um grip að ræða (ekki t.d. gjall). Fannst 11.6.99 í **C200** í kirkjugarði sunnan kirkju

**F99-006:** Þríhyrndur, flatur járnhlutur, mest 63 mm langur, undir leifum af trépili. Fannst 14.6.1999 í **C513** í kirkju.

**F99-007:** Járnþinni - bolur af nagla? með viðarleifum, 47x4 mm. Fannst 14.6.1999 í vegg **C389** í kirkju.

**F99-008:** Tvö járnbrots með viðarleifum, sennilega af sama hlutnum, 53x10-16x5,5 mm og 31x10x7 mm. Í fyllingu grafar með beinagrind C514 - gæti verið leifar af hlut sem lagður var með líkinu. Fannst 17.6.99 í **C516** í kirkjugarði sunnan kirkju.

**F99-009:** Járnagli með hringlaga flötum haus og sívölum bol, 26 mm að stærð. Fannst 17.6.1999 í suðurenda á þili austurveggjar kirkjunnar, **C381**. Tilheyrir klárlega þilinu.

**F99-010:** Bolur af járnagla, 43,5x6 mm. Fannst 19.6.99 í austurenda **C381** í kirkjunni.

**F99-011:** Ógreinilegt járnbrots - mögulega gjall, 16x14x9 mm. Fannst 19.6.99 í **C546** í kirkjugarði sunnan kirkju.

**F99-012:** Stór járnagli með flötum, ferhyrnum haus, ferhyrnum bol, 77x24x23 mm. Fannst 5.7.99 í **C362** vestan við kirkju (á 504/483).

**F99-013:** Hluti af löm? Flatur ílangur járnhlutur sem mjókkar í annan endann og sveigist upp, 53x14x3 mm. Fannst 8.7.99 í **C444** þétt upp við C591, 10 sm suður af dyrastafsholu í kirkju.

**F99-014:** 16 Járnaglar, 10 með haus, 6 bolir, sá lengsti 80 mm. Komu í ljós við hreinsun á svæði 515/485. Sennilega líkkistunaglar.

## SÝNASKRÁ

S99-001	FJSW	C119	Gjall
S99-002	FJNE	C120	Gjall
S99-003	KN	C121	Gjall
S99-004	KS	C200	Gjall
S99-005	KS	C200	Gjall
S99-006	KS	C507	Dýrabein
S99-007	KS	C507	Gjall
S99-008	KS	C503	Líkkistuleifar
S99-009	KS		Mannabeinaleifar (NAH-C-4)
S99-010	KS		Jarðvegssýni.
S99-011	FJSW	C360	Kolaðar viðarleifar úr torfvegg
S99-012	FJSW	C381	Bein úr fugli
S99-013	FJSW	C381	Kolaðar viðarleifar- Stokkur undir austurvegg.
S99-014	FJSW	C381	Kolaðar viðarleifar- Stokkur undir austurvegg
S99-015	FJSW	C381	Kolaðar viðarleifar- Hornstafur í SA horni
S99-016	FJSW	C381	Kolaðar viðarleifar- Stokkur undir suðurvegg
S99-017	FJSW	C381	Kolaðar viðarleifar- Stokkur og þil í suðurvegg.
S99-018	FJSW	C381	Kolaðar viðarleifar- Stokkur undir suðurvegg
S99-019	FJSW	C381	Kolaðar viðarleifar- Stokkur undir suðurvegg
S99-020	FJSW	C381	Kolaðar viðarleifar- Þil í suðurvegg
S99-021	FJSW	C381	Kolaðar viðarleifar- Stokkur undir suðurvegg
S99-022	FJSW	C381	Kolaðar viðarleifar- Stokkur og þil í suðurvegg.
S99-023	FJSW	C381	Kolaðar viðarleifar- stokkur undir suðurvegg
S99-024	FJSW	C381	Gjall
S99-025	FJSW	C381	Steinn með náttúrulegum holum – kljásteyn?
S99-026	FJSW	C381	Kolaðar viðarleifar úr vesturenda suðurveggjar
S99-026	FJSW	C372	Gjall? Fannst rétt yfir H-1104.
S99-027	KS	C579	Gjall
S99-028	KS		Mannabeinaleifar (NAH-C-5)
S99-029	FJSW	C372	Dýrabein, einkum tennur
S99-030	FJSW	C373	Dýrabein
S99-031	FJSW	C587	Líkkistuleifar
S99-032	FJSW	C597	Kolaðar viðarleifar- stokkur undir kirkjugólfi – vesturbrún austasta stafgólfs
S99-033	FJSW	C597	Kolaðar viðarleifar- stokkur undir kirkjugólfi- í vestasta stafgólfi
S99-034	FJSW	C597	Kolaðar viðarleifar- stokkur undir norðurvegg
S99-035	FJSW	C597	Kolaðar viðarleifar- stokkur undir norðurvegg
S99-036	FJSW	C597	Kolaðar viðarleifar- stokkur undir norðurvegg

## *Heimildaskrá*

- Bsk:** *Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenska bókmenntafélagi I-II*, Kh. 1858-1878.
- Hildur Gestsdóttir: *Athuganir á varðveislu beina úr kirkjugarðinum að Neðri-Ási*, Rv. 1997.
- Hildur Gestsdóttir: *Rannsókn á beinum úr kirkjugarðinum að Neðra-Ási í Hjaltadal*, 1998, Rv. 1998.
- Jensenius, Jørgen H.: 'Røldal – stavkirke eller ...?' *Viking. Norsk arkeologisk årbok* LXI (1998), 131-145.
- Lilja Árnadóttir: 'Kúabót í Álftaveri VI.' *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1986*, 56-62.
- Magnús Á. Sigurgeirsson: 'Fornleifarannsókn að Neðra-Ási í Hjaltadal – gjóskulagagreining –' viðauki í Roberts: *Neðri Ás í Hjaltadal 1998*.
- Matthías Þórðarson: 'Skeljastaðir, Þjórsárdalur.' *Forntida gárdar i Island*. Stenberger, M. ritstj, Kbh. 1943: 121-136, 307-310.
- Mjöll Snæsdóttir: 'Kirkjugarður að Stóruborg undir Eyjafjöllum.' *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1987*: 5-40.
- Orri Vésteinsson: *Fornleifarannsókn á Neðra Ási í Hjaltadal 1998*, Rv. 1998.
- Roberts, Howell: *Neðri-Ás í Hjaltadal. Framvinduskýrsla. Preliminary excavation report 1998*, Rv. 1998.
- Sigurður Bergsteinsson: *Fornleifarannsókn í Neðra-Ási 1997* (Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar XIX), Rv. 1997.
- Sturl:** *Sturlunga saga*, Örnólfur Thorsson ritstj., Rv. 1988.
- Sveinbjörn Rafnsson (1971): 'Kirkja frá síðmiðöldum að Varmá.' *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1970*: 31-49.
- Vilhjálmur Ö. Vilhjálmsson: 'Gård og kirke på Stöng i Þjórsárdalur. Reflektioner på den tidligste kirkeordning og kirkeret på Island.' *Nordsjøen. Handel, religion og politikk. Karmøyseminaret 1994 og 1995*, Krøger & Naley ritstj., Stavanger 1996, 119-139.
- Vilhjálmur Ö. Vilhjálmsson: 'Ved Helvedets Port.' *Skalk. Nyt om gammelt 1996*(4), 11-15.
- Wienberg, Jes: *Den gotiske labyrint. Middelalderen og kirkerne i Danmark*, (Lund Studies in Medieval Archaeology 11), Stockholm 1993.

Þór Magnússon: 'Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1984.' *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1984*, s. 193-213.